

BORGARRÁÐ 9. febrúar 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samræmingu skólaársins - MSS23020056

Lagt er til að Reykjavík taki sér Hafnarfjörð til fyrirmyndar og hefji undirbúning í samráði við foreldra og leikskólasamfélagið við að samræma starfstíma í leikskólum og grunnskólum þannig að skólaárið á þessum tveimur skólastigum verði sambærilegt. Þetta væri gert til að laða fólk til starfa á leikskólum en mikil mannekla hefur ríkt á leikskólum allt frá 2016. Hafnarfjörður er fyrsta sveitarfélagið til að stíga þetta skref. Markmiðið með þessu er að búa til aðlaðandi starfsaðstæður fyrir kennara á leikskólastiginu, fjölga kennurum í leikskólum borgarinnar og auka þar með fagmennsku og bæta gæði náms börnum til heilla. Umfram allt skiptir máli að gera breytingu til að gera starfið meira aðlaðandi án þess að skerða þjónustu. Nauðsynleg er að styrkja hana frá því sem nú er.

Greinargerð:

Ef horft er til Hafnarfjarðar þá verður viðvera áfram 40 stundir á viku yfir árið. Alls verða 26 dagar teknir út í svokölluðum betri vinnutíma í leikskólum, um jól, páska, að sumri og í formi vetrarfrís. Skólaárið í leikskólum Reykjavíkur yrði þá orðið sambærilegt við skólaárið í grunnskólum borgarinnar. Samhliða þessu er lagt til að stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra verði aukið til muna, til þess að sinna faglegri leiðsögn og efla móttöku og þjálfun nýliða – og stuðla þannig enn frekar að því að styrkja innra starf leikskólanna.